

94. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd mánudaginn 21. maí, kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins. Aðal- og varamenn voru boðaðir til fundarins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Emil Þ. Guðbjörnsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Berglind L. Þorbergsdóttir og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Endurskoðun á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar 2002 – 2022.
Til umfjöllunar voru tillögur sem fram komu á opnum fundi með íbúum sem haldinn var þann 20. mars s.l. Skýrsla vinnuhóps um málefni frístrundabænda var lögð fram og rædd m.a. í samhengi við endurskoðun á landnotkun Aðalskipulagsins. Næsti vinnufundur verður boðaður síðar.
2. Önnur mál.
 - 2.a) Gunnar Már Gestsson og Eyrún María Guðmundsdóttir sækja um að byggja við húsið að Silfur götu nr. 32, samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 26.03.'07. Stærðir...m2...m3. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Silfur götu 20 og 24 A til og með 21, maí. Engar athugasemdir hafa borist.
Erindið er samþykkt með fyrirvara um að ekki berist athugasemdir næstu daga sem eru póstlagðar þann 21. maí. Gjöld samtals.....

B.V.